

**Mál nr. 2/2009**  
**Keflavík**  
**gegn**  
**Breiðablik**

**Kæra Keflavíkur**  
**Dómkröfur**

Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að vera dæmdur 0-3 sigur í leik í eldri flokk karla, á milli Breiðabliks og Keflavíkur, sem fram fór í Fífunni mánudaginn 25. maí 2009 og lyktaði 6 -1

**Málavextir**

Í leik, sem háður var í Fífunni 25.05.2009 kl. 19:00, milli Breiðabliks og Keflavíkur í eldri flokki karla (30+), notaði Breiðablik 7 leikmenn sem eru félagsbundnir hjá öðrum félögum. Leikurinn var settur á miðvikudaginn 27. maí en Breiðablik óskaði eftir því að leikurinn væri færður af miðvikudeginum v/úrslitaleiks í Meistaradeildinni. Keflavík varð við þeirri bón og samþykkti áður nefndan leikdag. Breiðablik, sem heimalið, hefur þó greinilega ekki tilkynnt breytinguna til KSÍ.

**Tilvísun**

40. gr. Reglugerðar KSÍ, um knattspyrnumót, greinir á um að lið sem mætir til keppni, hafa ekki leyfi til þess að notfæra sér leikmann sem ekki er lögmætur með því félagi sem hann skal leika fyrir. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer því fram á að Keflavík verði dæmdur sigur, 0-3.

**Röksemdir**

Breiðablik notfærði sér ólöglega leikmenn í umræddum leik, 7 af 11 leikmönnum sem léku leikinn voru ólöglegir. Samkvæmt knattspyrnulögum KSÍ hefur félagið því brotið lög þessi. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að Breiðablik verði dæmt brotlegt og því dæmdur ósigur 0-3, Keflavík í hag.

Við Keflavíkingar erum nú að taka þátt í þessu Íslandsmóti þriðja árið í röð, eftir nokkurra ára hlé. Frá því að við höfum keppni á ný höfum við kappkostað að standa vel að okkar málum, erum með góðan og stóran hóp leikmanna þannig að við höfum aldrei þurft að fresta leik hjá okkur, eins og svo algengt hefur verið í þessu móti s.l. ár. Þar sem um Íslandsmót er að ræða á vegum KSÍ og ákveðnar reglur varðandi gjaldgenga leikmenn höfum við algjörlega fylgt þeim reglum í öllum okkar leikjum. Það fær enginn leikmaður sem er ekki skráður í Keflavík að spila með okkur. Því miður er allt of mikið um það hjá öðrum félögum að hinir og þessir leikmenn frá ýmsum félögum eru kallaðir til í leikina, þvert gegn öllum reglugerðum. Þetta finnst okkur vera vanvirðing á þeim reglum sem KSÍ setur sem og vanvirðing við mótið og mótherja.

Meginmarkmið þessarar kæru er að fá félögin til að standa betur að sínum málum og sýna mótinu og mótherjum þá virðingu sem það á skilið.

**Sönnunargögn**

Í meðfylgjandi leikskýrslu eru eftirtaldir leikmenn skráðir í annað félag en Breiðablik:

- ✓ *Kjartan Antonsson, Augnablik*
- ✓ *Böðvar Jónsson, KFR*
- ✓ *Guðmundur Garðar Brynjólfsson, Augnablik*
- ✓ *Benedikt Nikulás Anes Ketilsson, Deiglan*

- ✓ *Hreiðar Þór Jónsson, HK*
- ✓ *Þórhallur Örn Hinriksson, Víkingi R.*

Einnig lék Hákon Sverrisson (Augnablik) í leiknum en er einhverra hluta vegna ekki skráður á leikskýrslu!

## Vitni

Nafn: Ragnheiður Kjartansdóttir

Auk þess allir leikmenn og dómari á leikskýrslu

Virðingarfyllst,  
Jakob Már Jónharðsson  
F.h. Eldri flokks Keflavíkur

## Greinargerð Breiðabliks

Knattspyrnudeild Keflavíkur kærði Knattspyrnudeild Breiðabliks fyrir að tefla fram ólöglegum leikmönnum í leik liðanna í Íslandsmóti eldri flokks karla þann 25. maí 2009 kl. 19 þar sem Breiðabliks vann 6-1. Knattspyrnudeild Breiðabliks gengst við því að hafa teflt fram ólöglegum leikmönnum. Eldri flokkur karla hefur séð um gerð leikskýrslna og að leikmenn séu skráðir og var forsvarsmönnum deildarinnar því ekki kunnugt um að teflt væri fram ólöglegum leikmönnum. Forsvarsmönnum eldri flokks Breiðabliks láðist að kanna það með viðeigandi hætti í hvaða félag leikmenn eru skráðir.

Nær allir leikmenn sem teljast ólöglegir í þessum leik eru fyrrum leikmenn Breiðabliks, þrátt fyrir viðkomu í öðrum félögum undir lok ferilsins. Þar á meðal eru leikmenn sem hafa um langa hríð ekki spilað fyrir þau félög sem þeir eru skráðir í. Að sjálfsögðu ber að fara eftir reglum KSÍ, einnig hvað varðar eldri flokk karla og munu forsvarsmenn eldri flokks Breiðabliks kynna sér þær í framhaldinu og gera bragarbót á. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að Breiðablik sigraði Keflavík í leiknum með leikmönnum sem teljast væntanlega ólöglegir að mestu vegna handvamar á skilum á félagaskiptatilkynningum til KSÍ. Það er mat Breiðabliks að kæra þessi sé fyrst og fremst tilkomin vegna þess að Keflavík tapaði leiknum. Breiðablik mun una niðurstöðu KSÍ hver sem hún verður enda er að stefna Breiðabliks að fara lögum og reglum KSÍ.

Rétt er að taka fram að í gegnum árin hafa ólöglegir leikmenn spilað leiki með eldri flokkum flestra ef ekki allra þeirra félaga sem sent hafa lið til keppni í Íslandsmóti eldri flokka. Félagin og KSÍ hafa ekki velt sér mikið upp úr því enda er þetta mót til gamans gert. Ein ástæða þessa er að félagin hafa átt erfitt með að manna liðin og ná að spila leikina, ekki þarf að fjölyrða hve mörgum leikjum hefur verið frestað eða gefnir þar sem ekki var hægt að manna lið í sögu þessa móts. Ósjaldan hafa lið, þar á meðal eldri flokkur karla Breiðabliks, mætt til leiks og ekki mættu keppinautar. Breiðablik er því ekki eina félagið sem hefur gert sig seka um að tefla fram ólöglegum leikmönnum til að ná í lið. Knattspyrnudeild Breiðabliks metur það því

svo að hjá ástæða kæru Knattspyrnudeildar Keflavíkur sé sú að liðsmenn eldri flokks karla eru tapsárir og telur deildin að þeir hafi sjálfir á síðustu árum spilað leiki við lið með ólöglega

leikmenn en ekki velt sér upp úr því fyrr en nú þegar þeir eru jarðaðir á vellinum. Knattspyrnudeild Breiðabliks telur því kæru Keflavíkur ósanngjarna og að eðlilegra hefði verið að taka þetta útbreidda vandamál í Íslandsmóti eldri flokks karla til skoðunar fyrir mótið. Forsvarsmenn eldri flokka karla Keflavíkur hefðu því mátt vita í hvað stefndi fyrir Íslandsmót og gátu brugðist við því tímanlega. Rétt er að benda á að umræddur leikur var annar leikurinn sem eldri flokkur karla Keflavíkur lék á Íslandsmótinu 2009. Fyrsti leikur var gegn Reyni Sandgerði og þar voru tveir leikmenn ólöglegir hjá Reyni. Annar leikurinn átti að vera gegn ÍR en leikmenn ÍR mættu ekki til leiks. Knattspyrnudeild Breiðabliks er ekki kunnugt um hvort Keflavík hafi kært úrslit leiksins gegn Reyni. Í kæru Keflavíkur gegn Breiðabliki kemur fram að m.a. sé kært þar sem kærandi telur það vanvirðingu við reglur KSÍ, mótið og mótherja að tefla fram ólöglegum leikmönnum. Þar af leiðir að eðlilegt er að kæra einnig Reyni fyrir að tefla fram ólöglegum leikmönnum.

Staða Knattspyrnudeildar Breiðabliks er nú sú að of seint er að skipta leikmönnum í Breiðablik þar sem félagaskiptaglugginn er lokaður. Það er því til skoðunar að Breiðablik dragi lið sitt úr keppni Íslandsmóts eldri flokks karla enda ber að virða reglur KSÍ og eldri flokkur karla Breiðabliks er fáliðaður.

f.h. Knattspyrnudeildar Breiðabliks

Svavar Józefsson, framkvæmdastjóri

### **Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Ár 2009, þriðjudaginn 23. júní er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssoni, Þresti Ríkhartssyni og Gunnari Guðmundssyni

#### **Fyrir er tekið málið nr. 2/2009:**

Knattspyrnudeild Keflavíkur

gegn

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

#### **ÚRSKURÐUR:**

I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Skólavegi 32 , 230 Keflavík

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Dalsmára 5, 201 Kópavogur

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 29. maí sl. með símbréfi. Dómari gaf kærða kost á að skila andsvörum og barst svar kærða skrifstofu KSÍ þann 5.júní s.l.

**Kröfur:**

Kærandi gerir þær dómkröfur að vera dæmdur 0-3 sigur í leik í eldri flokk karla, á milli Breiðabliks og Keflavíkur, sem fram fór í Fífunni mánudaginn 25. maí 2009

Hið kærða félag viðurkennir að hafa teflt fram ólöglegum leikmönnum í framangreindum knattspyrnuleik .

**II.****Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum á þann veg að "í leik, sem háður var í Fífunni 25.05.2009 kl. 19:00, milli Breiðabliks og Keflavíkur í eldri flokki karla (30+), notaði Breiðablik 7 leikmenn sem eru félagsbundnir hjá öðrum félögum. Leikurinn var settur á miðvikudaginn 27. maí en Breiðablik óskaði eftir því að leikurinn væri færður af miðvikudeginum v/úrslitaleiks í Meistaradeildinni. Keflavík varð við þeirri bón og samþykkti áðurnefndan leikdag. Breiðablik, sem heimalið, hefur þó greinilega ekki tilkynnt breytinguna til KSÍ."

Kærandi vísar til ákvæða 40. gr. reglugerðar KSÍ, um knattspyrnumót, sem kveður á um að lið sem mætir til keppni, hafa ekki leyfi til þess að notfæra sér leikmann sem ekki er lögmætur með því félagi sem hann skal leika fyrir.

Kærandi hefur í kæru rökstudd kröfur sínar m.a. með eftirfarandi hætti:" Breiðablik notfærði sér ólöglega leikmenn í umræddum leik, 7 af 11 leikmönnum sem léku leikinn voru ólöglegir. Samkvæmt knattspyrnulögum KSÍ hefur félagið því brotið lög þessi.

Við Keflvíkingar erum nú að taka þátt í þessu Íslandsmóti þriðja árið í röð, eftir nokkurra ára hlé. Frá því að við höfum keppni á ný höfum við kappkostað að standa vel að okkar málum, erum með góðan og stóran hóp leikmanna þannig að við höfum aldrei þurft að fresta leik hjá okkur, eins og svo algengt hefur verið í þessu móti s.l. ár. Þar sem um Íslandsmót er að ræða á vegum KSÍ og ákveðnar reglur varðandi gjaldgenga leikmenn höfum við algjörlega fylgt þeim reglum í öllum okkar leikjum. Það fær enginn leikmaður sem er ekki skráður í Keflavík að spila með okkur. Því miður er allt of mikið um það hjá öðrum félögum að hinir og þessir leikmenn frá ýmsum félögum eru kallaðir til í leikina, þvert gegn öllum reglugerðum. Þetta

finnst okkur vera vanvirðing á þeim reglum sem KSÍ setur sem og vanvirðing við mótið og mótherja.

Meginmarkmið þessarar kæru er að fá félögin til að standa betur að sínum málum og sýna mótinu og mótherjum þá virðingu sem það á skilið."

### III

Hið kærða félag lagði fram greinargerð og gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við framangreinda kæru:

"Knattspyrnudeild Breiðabliks gengst við því að hafa teflt fram ólöglegum leikmönnum. Eldri flokkur karla hefur séð um gerð leikskýrslna og að leikmenn séu skráðir og var forsvarsmönnum deildarinnar því ekki kunnugt um að teflt væri fram ólöglegum leikmönnum. Forsvarsmönnum eldri flokks Breiðabliks láðist að kanna það með viðeigandi hætti í hvaða félag leikmenn eru skráðir.

Nær allir leikmenn sem teljast ólöglegir í þessum leik eru fyrrum leikmenn Breiðabliks, þrátt fyrir viðkomu í öðrum félögum undir lok ferilsins. Þar á meðal eru leikmenn sem hafa um langa hríð ekki spilað fyrir þau félög sem þeir eru skráðir í. Að sjálfsögðu ber að fara eftir reglum KSÍ, einnig hvað varðar eldri flokk karla og munu forsvarsmenn eldri flokks Breiðabliks kynna sér þær í framhaldinu og gera bragarbót á. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að Breiðablik sigraði Keflavík í leiknum með leikmönnum sem teljast væntanlega ólöglegir að mestu vegna handvammur á skilum á félagaskiptatilkynningum til KSÍ. Það er mat Breiðabliks að kæra þessi sé fyrst og fremst tilkomin vegna þess að Keflavík tapaði leiknum. Breiðablik mun una niðurstöðu KSÍ hver sem hún verður enda er að stefna Breiðabliks að fara lögum og reglum KSÍ.

Rétt er að taka fram að í gegnum árin hafa ólöglegir leikmenn spilað leiki með eldri flokkum flestra ef ekki allra þeirra félaga sem sent hafa lið til keppni í Íslandsmóti eldri flokka. Félögin og KSÍ hafa ekki velt sér mikið upp úr því enda er þetta mót til gamans gert. Ein ástæða þessa er að félögin hafa átt erfitt með að manna liðin og ná að spila leikina, ekki þarf að fjölyrða hve mörgum leikjum hefur verið frestað eða gefnir þar sem ekki var hægt að manna lið í sögu þessa móts. Ósjaldan hafa lið, þar á meðal eldri flokkur karla Breiðabliks, mætt til leiks og ekki mættu keppinautar. Breiðablik er því ekki eina félagið sem hefur gert sig seka um að tefla fram ólöglegum leikmönnum til að ná í lið. Knattspyrnudeild Breiðabliks metur það því svo að ástæða kæru Knattspyrnudeildar Keflavíkur sé sú að liðsmenn eldri flokks karla eru tapsárir og telur deildin að þeir hafi sjálfir á síðustu árum spilað leiki við lið með ólöglega leikmenn en ekki velt sér upp úr því fyrr en nú þegar þeir eru jarðaðir á vellinum. Knattspyrnudeild Breiðabliks telur því kæru Keflavíkur ósanngjarna og að eðlilegra hefði verið að taka þetta útbreidda vandamál í Íslandsmóti eldri flokks karla til skoðunar fyrir mótið. Forsvarsmenn eldri flokka karla Keflavíkur hefðu því mátt vita í hvað stefndi fyrir Íslandsmót og gátu brugðist við því tímanlega. Rétt er að benda á að umræddur leikur var annar leikurinn sem eldri flokkur karla Keflavíkur lék á Íslandsmótinu 2009. Fyrsti leikur var gegn Reyni Sandgerði og þar voru tveir leikmenn ólöglegir hjá Reyni. Annar leikurinn átti að vera gegn ÍR en leikmenn ÍR mættu ekki til leiks. Knattspyrnudeild Breiðabliks er ekki kunnugt um hvort Keflavík hafi kært úrslit leiksins gegn Reyni. Í kæru Keflavíkur gegn Breiðabliki kemur fram að m.a. sé kært þar sem kærandi telur það vanvirðingu við reglur KSÍ, mótið og mótherja að tefla fram ólöglegum leikmönnum. Þar af leiðir að eðlilegt er að kæra einnig Reyni fyrir að tefla fram ólöglegum leikmönnum.

Staða Knattspyrnudeildar Breiðabliks er nú sú að of seint er að skipta leikmönnum í Breiðablik þar sem félagaskiptaglugginn er lokaður. Það er því til skoðunar að Breiðablik dragi lið sitt úr keppni Íslandsmóts eldri flokks karla enda ber að virða reglur KSÍ og eldri flokkur karla Breiðabliks er faliðaður. "

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins þann 25. maí s.l. gegn Keflavík í Íslandsmóti í eldri flokki karla, 30 ára og eldri.

Í 40. grein í reglugerð KSÍ, um knattspyrnumót kemur fram að lið sem mætir til keppni, hafa ekki leyfi til þess að notfæra sér leikmann sem ekki er lögmætur með því félagi sem hann skal leika fyrir. Viðurkennt er af hálfu hins kærða félags að lið félagsins í umræddum leik var ólöglega skipað.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Keflavík, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna þann 25. maí s.l. á Íslandsmóti í eldri flokki karla, eldri en 30 ára.

Skylt er samkvæmt grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

#### V.

##### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Keflavíkur og Breiðablik í leik liðanna þann 25. maí s.l. á Íslandsmóti í eldri flokki karla, eldri en 30 ára er breytt og Keflavík dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Kærði, Ungmennafélagið Breiðablik, knattspyrnudeild greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

---

Gunnar Guðmundsson

---

Sigurður Ingi Halldórsson

---

Þröstur Ríkharðsson

##### **Um áfrýjun:**

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.